



Reglur um tilnefningu listamanneskju Borgarbyggðar

1. gr. Markmið

Útnefning listamanneskju Borgarbyggðar er gerð í þeim tilgangi að efla áhuga íbúa og annarra á listum og listsköpun innan sveitarfélagsins og um leið að vekja áhuga á þeim listamanneskjum sem búa og/eða starfa í Borgarbyggð.

2. gr. Val á listamanni

Byggðarráð Borgarbyggðar veitir listamanneskju í sveitarfélaginu nafnbótina *Listamanneskja Borgarbyggðar* ár hvert. Ákvörðun um val á listamanneskju er tekin af nefndinni og er niðurstaðan gerð opinber í fundargerð nefndarinnar eftir afgreiðslu erinda.

Þegar tilnefningar eru metnar skal tekið mið að þeim viðurkenningum sem viðkomandi listamanneskja hefur hlotið og útbreiðslu verka hans. Einnig skal litið til þess hverjir teljast efnilegir á sínu listasviði.

Nafnbótin getur hvort sem er hlotnast einstaklingum eða hópi.

3. gr. Tilnefningar

Byggðarráð auglýsir eftir tilnefningum með rökstuðningi um listamanneskju, en er þó ekki bundin af því. Nefndin skal ákveða hvar auglýsing birtist. Þó skal ávallt óska eftir tilnefningum á vefmiðlum Borgarbyggðar.

Tilnefningar þurfa að berast fyrir 25. maí ár hvert. Listamanneskja er útnefnd á 17. júní ár hvert og skal bera titilinn í eitt ár frá þeirri dagsetningu.

Tilnefningum skal skila rafrænt á netfangið mannlif@borgarbyggd.is.



4. gr. Forsendur fyrir vali

Aðeins listamanneskjur sem eru með lögheimili í Borgarbyggð koma til greina. Ef um hóp er að ræða þarf meirihluti þeirra að falla undir skilgreininguna.

Einstaklingur og eða hópur getur fengið nafnbótina oftár en einu sinni, en þó skulu aldrei líða færri en fimm ár á milli þess sem sami aðili fær nafnbótina.

5. gr. Styrkveiting

Listamanneskja skal hljóta styrk með nafnbótinni. Styrkurinn skal vera ákveðin upphæð á ári samkvæmt fjárhagsáætlun.

Greiða skal út styrkinn í lok júní ár hvert.

6. gr. Skyldur listamanneskjunnar

Listamanneskjan sem hlýtur nafnbótina skal á því ári sem hann hlýtur nafnbótina þar til arftaka hans tekur við, láta sveitarfélagið og íbúa þess njóta listar sinnar að minnsta kosti einu sinni. Það getur verið með sýningar- eða tónleikahaldi, í samstarfi við félög sveitarfélagsins og skóla, eldri borgara og/eða aðra listamenn í sveitarfélaginu í samráði við byggðarráð og forstöðumann menningarmála.

Í lok starfsárs skal listamanneskjan gera byggðarráð stuttlega grein fyrir því á hvaða hátt íbúar hafa notið listar hans á því ári sem er að líða.

Nefndin mælist til þess að listamanneskja sveitarfélagsins láti nafnbótina koma fram sem víðast. Borgarbyggð mun útbúa tengil á heimasíðu sína, þar sem listamanneskja hvers árs er kynntur, helstu verkefni og væntanlegir viðburðir.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra í sveitarstjórn.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 8. júní.2023.